

Námsstefna á Grand hótél
25. október 2007 kl. 14:00 – 17:00
NVL á Íslandi og norræni þankabankinn um færni til framtíðar
Kynna skýrsluna Færni til framtíðar - hvernig verður hún þróuð

Fundastjóri **Ingibjörg E. Guðmundsdóttir** framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Í janúar 2006 setti Norræna tengslanetið um nám fullorðinna, NVL, sem er verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, á laggirnar þankabanka með það að markmiði að leggja grundvöll að umræðum sem fara fram um færni til framtíðar frá sjónarhorni símenntunar. Námsstefnan hófst með opunarávarpi **Stefáns Stefánssonar**, deildarstjóra fullorðinsfræðsludeildar menntamálaráðuneytisins. Þá tók við kynning á starfi þankabankans og skýrslunni. Í þankabankanum voru fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum, en á námsstefnunni kynntu fulltrúi Íslands **Kristín Ástgeirsdóttir** og fulltrúi Noregs **Harry Bjerkeng** skýrsluna og niðurstöður hennar.

Að loknu kaffihléi tóku við pallborðsumræður. Í pallborði sátu Guðrún Eyjólfsdóttir SA, Gylfi Arnbjörnsson ASÍ, Anna Kristín Pétursdóttir Vífilfelli, Soffía Gísladóttir Símei, Baldur Gíslason Iðnskólanum í Reykjavík og þingmennirnir Kolbrún Halldórsdóttir og Guðbjartur Hannesson. Þátttakendum hafði verið falið að velja eitt af skilaboðunum úr skýrslunni sem þeim fannst helst höfða til sín. Eftirtalin skilaboð voru valin:

- nr. 3 um misræmi á milli þekkingaröflunar og færniþróunar,
- nr. 16 um brottfall úr framhaldsskólunum
- nr. 1 um skipulag formlegs og óformlegs náms
- nr. 5 um skilgreiningu á færnihugtakinu
- nr. 9 um endurskipulagningu fullorðinsfræðslunnar þannig að það mæti þörfum allra
- nr. 6 um fullorðinsfræðslu sem á kerfisbundinn hátt skapar einstaklingum skilyrði til þess að auka sjálfsþekkingu og sjálfsmynd vegna þess að það er grundvöllurinn að árangursríkri færniþróun á öðrum sviðum
- nr. 13 nám framtíðarinnar mun ekki eingöngu fara fram innan hefðbundins skólakerfis. Koma verður á nýjum sviðum náms og vettvangi færniþróunar í samstarfi ólíkra hagsmuna og fræðsluaðila.

Fjörugar umræður fylgdu í kjölfar upphafsorða þeirra sem sátu í pallborði. Þátttakendum varð tíðrætt um skólakerfið, skipulag þess og brottfall úr framhaldsskólunum. Aðilar voru á einu máli um að í framtíðinni væri þörf fyrir mun fjölbreyttari tilboð fyrir fullorðna, jafnt formleg sem óformleg. Viðurkenna yrði að fólk lærir líka í vinnunni og af lífinu, svo sem með þátttöku í félagsstörfum. Okkur Íslendinga skorti áræðni og djörfung og við verðum að leggja af hvers kyns fordóma t.d. gagnvart prófum til þess að virkja sköpunarkraftinn og koma á frumlegum verkefnum á sviði fræðslu. Hver einstakur ber ábyrgð á að efla færni sína látlaust, en stjórnvöld og atvinnulíf verða að tryggja að skipulag og kringumstæður geri þeim það kleift.

Umræðan um færni til framtíðar er farin af stað og verður reynt að viðhalda henni í samfélaginu með áframhaldandi kynningu á niðurstöðum skýrslunnar.